



Aðgangur að lyfjagagnagrunni

Magnús Jóhannsson

læknir

magnus@landlaeknir.is

Ólafur B. Einarsson

sérfræðingur

Lárus S. Guðmundsson

lyfjafræðingur

Gögn í lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis ná aftur til 2003 en hann hefur verið starfræktur til eftirlits síðan 2006. Í grunninum eru persónugreinanleg gögn varðveitt í 30 ár. Þessi lyfjagagnagrunnur er öflugt tæki til eftirlits með lyfjaávisunum og lyfjanotkun almennt en einnig er hann notaður í vaxandi mæli til vísindarannsókna. Nú hefur verið opnað fyrir aðgang lækna og almennings að þessum grunni eins og hér verður nánar lýst.

Aðgangur lækna

Allir læknar með lækningaleyfi hafa sjálfkrafa aðgang að þessum grunni, þó mest þrjú ár aftur í tímann. Þeir þurfa einungis að fara á vefsíðuna lyfseðlar.landlaeknir.is/ og tengja sig með rafrænum skilríkjum. Með því að slá inn kennitölu fá þeir upplýsingar um viðkomandi sjúkling. Þarna er hægt að sjá óútleysta lyfseðla og lyfjasögu sjúklingsins. Hægt er að endurnýja lyfseðla og skrifa nýja. Einnig er hægt að ógilda lyfseðla í rafrænu lyfseðlagáttinni. Allar þessar upplýsingar uppfærast jafnóðum. Læknar hafa um árabíl getað haft samband við lyfjateymi Embættis landlæknis til að fá upplýsingar um útleysta lyfseðla en nú geta þeir sjálfir sótt meiri og nýrri upplýsingar á þann hátt sem hér er lýst.

Læknar hafa einnig aðgang að lyfjagagnagrunninum í gegnum sjúkraskrárkerfin sem eru í notkun og unnið er að því að bæta þann aðgang enn frekar.

Eitt af vandamálum við lyfjaávisanir er læknaþap (*doctor shopping*) en aðgangur að lyfjagagnagrunni getur hindrað slíkt með bættu upplýsingaflæði. Upplýsingagjöf til lækna hefur snúist um ávisanir sem þegar er búið að leysa út en með nýjum grunni geta læknar séð rauntímagögn. Þetta skiptir máli vegna þess að dæmi eru um að einstaklingar fái ávísað sama lyfi frá fleiri en einum lækni sama daginn. Margir læknaþaparar eiga við alvarlega lyfjaþákn að stríða og sem dæmi má nefna að árið 2014 leystu 242 einstaklingar út að minnsta kosti eitt ávanabindandi lyf frá fleiri en 10 læknum. Í fæstum tilfellum þegar einstaklingar leita eftir sömu ávanabindandi lyfjum til margra lækna, vita þeir af ávisunum kollega sinna. Til eru dæmi sem eiga sér eðlilegar skýringar um að einstaklingar fái ávísað lyfjum frá mörgum læknum, til dæmis hjá þeim sem eru ekki með fastan heimilislækni, en nýr gagnagrunnur gagnast við utanumhald meðferðar hjá þeim.

Aðgangur sjúklinga

Allir landsmenn geta nú sjálfir sótt upplýsingar um sína eigin lyfjasögu á netinu. Þeir þurfa bara að fara á vefsíðuna heilsuvera.is/ og tengja sig með rafrænum skilríkjum. Þarna getur fólk nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá, meðal annars lyfjasögu. Sjá má óútleysta lyfseðla og nýlega útleysta seðla. Þetta er einkar gagnlegt til dæmis fyrir þá sem muna ekki með vissu hvort þeir eiga lyfjaávisun í rafrænu gáttinni fyrir tiltekið lyf.

Aðgangur að eigin lyfjaávisunum er hluti af stærra dæmi sem er aðgangur að

eigin sjúkraskrá, bólusetningaskrá svo og samskiptum við heilbrigðiskerfið, svo sem tímapöntunum í heilsugæslu og fleira. Sumt af þessu er komið í gagnið en annað er í þróun.

Framtíðin

Þau kerfi sem hér er lýst eru að slíta barnsskónum og eiga eftir að þróast og slípast á næstu mánuðum og misserum. Vonast er til að þessi kerfi bæti þjónustu við sjúklinga en stuðli jafnframt að eðlilegri og skynsamlegri lyfjanotkun. Stefnt er að því að allar lyfjaávisanir verði rafrænar og segja má að með kerfinu sem hér er lýst sé opnað fyrir þann möguleika. Auk lyfjaávisana er bundin von við að hægt verði að koma inn viðmiðum og viðvörðunum í grunninn, til dæmis til að draga úr hættu á milliverkunum lyfja, svo eitthvað sé nefnt.

Niðurlag

Aðgangur lækna og almennings að lyfjagagnagrunni er mikil framför. Bætt upplýsingaflæði af þessu tagi á að geta veitt sjúklingum betri þjónustu, gert lyfjanotkun markvissari og öruggari og dregið úr misnotkun ávanabindandi lyfja og annarra lyfja sem stundum eru misnotuð. Hjá Embætti landlæknis eru miklar vonir bundnar við þetta kerfi en það gerir ekki gagn nema það sé notað og þess vegna eru lækna og sjúklingar hvattir til að byrja sem allra fyrst að nota þessa upplýsingaveitu.

Á vef Embættis landlæknis eru nánari leiðbeiningar um notkun kerfisins: landlaeknir.is